

Auglýsing um deiliskipulag í Reykjanesbæ

Birt í lögbirtingarblaði Nr. 4/2004

Samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Innri Njarðvík í Reykjanesbæ. Deiliskipulagstillagan sýnir m.a. nýjan skóla og íbúðabyggð.

Tillagan, uppdráttur með greinagerð liggur frammi á skrifstofu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12 frá 7. janúar 2004 til 4. febrúar 2004.

Athugasemdum við tillögurnar skal skila til bæjarstjóra Reykjanesbæjar eigi síðar en 18. febrúar 2004 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunum.

Reykjanesbæ 7. janúar 2004.

Viðar Már Aðalsteinsson
Framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs.